

Nefndasvið Alþingis,

b.t. Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

sigrunhelga@althingi.is

Reykjavík, 30. október 2020

Varðar: Umsögn Nova um frumvarp til laga um óréttmæta
takmörkun á netumferð

Nova hf. hefur falið mér að koma á framfæri stuttri athugasemd varðandi neðangreint frumvarp til laga um óréttmæta takmörkun á netumferð, sbr. tölvupóstur þinn.

Í kafla 3.2. í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir að af "ákvæðum 3. mgr. 3. gr. og 5. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar leiðir að séu sérreglur í gildi í landslögum um tilteknar tegundir af vöru eða þjónustu sem fela í sér að seljendum er ekki heimilt að fylgja ákvæðum reglugerðarinnar um bann við mismunandi meðferð, þá halda slíkar takmarkanir gildi sínu þrátt fyrir ákvæði reglugerðarinnar og laga þessara ..."

Umbj. minn bendir á að þessi skýring í greinargerðinni er nokkuð löðin eða illskiljanleg. Hvað sem því líður bendir umbj. minn á að í auknum mæli er til staðar framboð á erlendum hýsingarþjónustum sem t.d. geta hýst símsstöðvar líkt og þær sem mörg fyrirtæki nota í sínum rekstri og sem íslensk fjarskiptafyrirtæki nota til að veita þjónustu til fyrirtækja.

Póst- og fjarskiptastofnun mótar verklag í tengslum við úthlutun og notkun símanúmera þar sem m.a. eru hafðar til hliðsjónar reglur um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta (<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=dc46068b-cb05-4a72-a6f7-1663ef8d706d>). Í 6. gr. reglnanna eru rakin ýmis skilyrði.

Umbj. minn telur að ætla megi að skilyrði í frumvarpi til laga um ráðstafanir gegn óréttmætri takmörkun á netumferð o.fl. stangist á við þær skordur sem settar eru fram í framangreindum reglum um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta.

Þannig er í frumvarpi til laga um ráðstafanir gegn óréttmætri takmörkun á netumferð o.fl. almennt ekki heimilt að mismuna þjónustum (þá símanúmerum) en reglur PFS um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta má skilja sem svo að óheimilt sé að hýsa númerin erlendis.

Ef þetta er réttur skilningur hjá umbj. mínum þá er vakin athygli á þessu og þess óskað eða vænst að tekið verði á því með skýrum hætti hvaða fyrirkomulag skuli ráða í þessum efnum eftir lögfestingu frumvarpsins, komi til þess.

Virðingarfyllst,

Heimir Örn Herbertsson lögmaður